

Breytt ásýnd - Skjól í bæinn

Ævilengd trjáa

Síðustu daga hefur verið sól og blíða hér í Grundarfirði. Norðankulið hefur ekki orku til að kæla okkur og austanáttin er okkur alltaf hliðholl, vindur hægur og kastar skúrum af og til ef lægðirnar hafa nóg efni til að koma þeim norður fyrir Skarðsheiði.

Í svona tíðarfari er yndislegt að fara út í garð og lagfæra gróður og dást að trjávextinum sem er satt að segja ótrúlegur þessi árin. (Maí 2006)

Í Garðyrkjuritinu 2004 sem kemur út einu sinni á ári er grein um trjágróður á Vestfjörðum (bls. 55-66). Í dölum og lokuðum fjörðum eru veðurskilyrði hagstæð til ræktunar og fyrr á 20. öldinni bjuggu þar menn sem höfðu kjark til að flytja heim með sér erlendar plöntur og gróðursetja í berangurinn við hús sín. Nú eru þessi tré orðin bæjarprýði hvert á sínum stað og eiga nokkur hundruð ára líf framundan ef engin stóráföll dynja yfir. Tegundir sem þrífast vel og talið er að megi rækta meira af eru Álmur, Gráelri, Sitka- og Grænelri, Úlfareynir, Gráreynir og alpareynir, Evrópulerki, Stafafura, Gullregn og Heggur. Þessi grein minnir fólk á að hugsa fram í tímann og athuga hvaða tré gætu verið á lífi í garðinum okkar eftir 200 ár eða svo. Í bókinni **Tré og runnar á Íslandi** tekur Ásgeir Svanbergsson fram aldur sumra þeirra trjáa sem verða eldri en 200 ára í heimkynnum sínum. Algengustu tré í þéttbýli Grundarfjarðar verða aldargömur eða minna. Það þykir víst ekki hár aldur á trjám að verða hundruð ára eins og Reynirinn og Birkið okkar getur orðið. Ég hef því ákveðið að finna tré sem getur staðið á lóðinni minni næstu 3-500 árin og er að hugsa um að útbúa ættarskrá svo að það þyki nógu verðmætt og verði ekki aflífað eins og blendingshundar sem eigendunum hefur ekki tekist að siða til í uppeldinu.

Sjá heimasíðu Garðyrkjufélags Íslands: <http://www.gardurinn.is>.

Hæðarvöxtur trjáa. Algeng tré í Eyrarsveit:

- Birki og Reynir ná 4-5 m hæð á 20 árum. Hámarksaldur Birkis er um 200 ár. Fá tré lifa meira en 100 ár (PHJ).
- Reynir. Við bestu skilyrði hér á landi nær hann 12-14 m hæð (e.t.v. 15-16 m), en nær víða um 8 m hæð. Hann er skammlíft tré, hámarksaldur 150-200 ár. Hann tekur að feiskjast og deyja upp úr 50-60 ára aldri og fá tré ná mikið yfir 100 ára ævi (PHJ).
- Alaskaösp nær 8-10 m hæð á 20 árum (PHJ). *Populus trichocarpa* 'Salka', 'Keisari' og 'Haukur' hafa öll plumað sig í Grundarfirði (SN). 'Jóra' er með kröftugustu öspunum, og þolir mikið vindálag segir Ólafur í Nátthaga á

vefsíðu sinni (<http://www.natthagi.is>) og „rætur aspa komast EKKI inn í plastskolplagnimar nema þær hafi hreinlega laskast af einhverjum ástæðum“ (ÞHJ).

- Sitkagreni nær 4-6 m hæð á 20 árum. Getur orðið 600-700 ára. Of stórgert í garða nema á útjöðrum. Þolir vel klippingu (ÁS).

Þessar tegundir til viðbótar hafa staðið sig vel í görðum og skógræktinni í Eyrarsveit:

- Bergfura, *Pinus uncinata*. Hæð 10-20 m (ÁS). Hæsti aldur 255 ár segir á vefsíðu Yrkju: http://www.yrkja.is/tree_all.php.
- Blágreni, *Picea engelmannii*. Verður 300-500 ára (ÁS). Hægvaxta og minna um sig en Sitkagreni.
- Sitkabastarður, *Picea x lutzii*. Minni um sig en Sitkagreni.

Eðaltré og langlíf sem vert er að prófa:

- Álmur, *Ulmus*. Álmur þolir seltu sémilega vel og er ágætlega vindþolinn. (Listigarður Akureyrar: <http://www.lystigardur.akureyri.is/default.asp?pid=6&gid=98>). Mesti aldur 500 ár (Yrkja)
- Askur, *Fraxinus*. Hæð 30-40 m og nær 300 ára aldri (ÁS).
- Broddfura, *Pinus aristata*. 6-10 m hátt tré, verður nokkur þúsund ára gamalt (ÁS). Hefur lifað góðu lífi í lóðinni minni en vex hægt (SN).
- Douglasgreni, *Pseudotsuga menziesii* kallast í byggingariðnaði “Oregon pine”. Hæð 40-60 m og verður 500-1000 ára. Þarf loftraka og frjóa jörð (ÁS).
- Fjallapínur, *Abies lasiocarpa*. Hæð 6-18 m og verður 250 ára eða meira (ÁS).
- Fjallapöll, *Tsuga mertensiana*. Hæð 10-30 m og talin verða 400-500 ára (ÁS).
- Gljávíðir, *Salix pentandra*. Hæð 10-12 m en þarf klippingu til að verða tré (ÁS).
- Gráreynir, *Sorbus hybrida*. Hæð 10-12 m (ÁS). Vindþolinn, sólelskur, harðgerður: (<http://solskogar.is>).
- Hlynur, *Acer pseudoplatanus*. Hæð 8-10 m og getur orðið 400-500 m (ÁS).
- Hvítgreni, *Picea glauca*. Hæð 20-35 m (ÁS) og minna um sig en Sitkagreni.
- Kastanía, *Aesculus*. Stórvaxið skrauttré, þykir of stór fyrir litla garða (ÁS).
- Lerki, *Larix* nær um 5 m hæð á 20 árum í Fjörunni á Akureyri (ÞHJ).
- Lindifura, *Pinus cembra*. Hæð 10-25 m og dugur stutt en hlý sumur. Verður gamalt (ÁS).
- Rússalerki, *Larix sukaczewii*.
- Selja, *Salix caprea*. Hæð 23-30 m (sjaldan yfir 10 m hérlendis) og verður um 60 ára gömul (ÁS).
- Svartgreni, *P. mariana* - (*P. nigra*). Nær 250 ára aldri (ÁS).
- Sveigfura, *Pinus flexilis*. Hæð 6-12 m. Seinvaxið og verður mörg hundruð ára í heimkynnum sínum: (<http://grisara.nett.is/treogrunnar.html>) og Á.S.
- Viðja, *Salix nigricans var. borealis*. Hæð 10-12 m en þarf klippingu til að verða tré (ÁS).

Til umhugsunar í trjágarðinum og við sumarbústaðinn

- Munu trén mín
 - skyggja á sólbaðsflötina, veröndina eða gluggana?
 - rjúfa sjónlínuna milli mín og nágrannans – fæ ég frið fyrir forvitnum augum?
 - Skyggja á malarnámuna, ljótu byggingarnar, veginn, brúna eða iðnaðarsvæðið?
- Get ég valið tré sem verður skjótt nægilega stórt til að skýla mér en aldrei of stórt?
- Munu tré nágrannans skyggja á okkur í framtíðinni? (PHJ)

Lesefni á vefnum:

- Vefur Benedikts Björnssonar garðyrkjumanns á Austurlandi. Benedikt skrifar um allar hliðar garðyrkju og leyfir sér að hafa skoðanir á aðferðum og stefnum í garðrækt. Meðal efnis um tré og jarðgerð er „fróðleikur um jarðgerð, trjáklippingar, jarðgerð og lífrænar varnir af ýmsu tagi“ og „flutningur á stórum trjám“. Sjá „Greinaskrif“: <http://frontpage.simnet.is/bensib/>.
- Listigarður Akureyrar. Sjá: <http://www.lystigardur.akureyri.is>. Upplýsingar og myndir af plöntum, sjá „Gagnagrunn“ og „Fróðleik“.
- Sólskogar. Verkin í garðinum og stuttar markvissar plöntulýsingar. Sjá: <http://solskogar>.
- Skrá yfir íslensk nöfn trjáa og runna. Sjá: <http://www.rettarholl.is/isnofn-tr.html>.
- Um skordýravarnir, eiturúðun og aðrar aðferðir. Sjá: http://www.eftirlit.is/Gardaudun_trjategundir.htm.
- Umhverfissíða Mosfellsbæjar: <http://www.eftirlit.is/umhverfissidan.htm>
- Þorbergur Hjalti Jónsson. Vistfræði íslenskra birkiskóga. Sjá: http://www.reykir.is/gskoli/nam/Haust2003/vistfraedi_II/Birkiskogar.pdf (PHJ)

Les- og myndefni á Bókasafni Grundarfjarðar:

- Ásgeir Svanbergsson (1982). Tré og runnar á Íslandi. [Reykjavík]: Örn og Örlygur (ÁS).
- Barrtré á Íslandi: handhægur leiðarvísir fyrir ræktendur. Reykjavík: Sumarhúsið og garðurinn, 2006.
- Garðurinn allt árið: handhægur leiðarvísir um ræktun fyrir garðeigendur. Reykjavík: Sumarhúsið og garðurinn, [2005].
- Hákon Bjarnason (1987). Ræktaðu garðinn þinn: leiðbeiningar um trjárækt. Reykjavík: Iðunn, 1987.
- Lauftré á Íslandi: handhægur leiðarvísir fyrir garðeigendur og ræktendur. Reykjavík: Sumarhúsið og garðurinn, 2006.
- Matjurtabókin: leiðbeiningar um ræktun og hirðingu matjurta og berja (1978). Reykjavík: Garðyrkjufélag Íslands. Stendur enn fyrir sínu segir garðyrkjufraeðingur hjá G.Í.
- Skrúðgarðabókin: leiðbeiningar um skipulag, ræktun og hirðingu skrúðgarða (1976). [Reykjavík]: Garðyrkjufélag Íslands. Stendur fyrir sínu en vantar nýjar tegundir og reynslu af ræktun tegunda síðustu þrjá áratugi.

- Steinn Kárason. (2003). Garðverkin: hagnýt ráð um ræktunarstörf í görðum, gróðurhúsum og sumarbústaðarlöndum og leiðbeiningar um lífræna ræktun. Reykjavík: Garðyrkjumeistarinn. Ekki til á Bókasafni Grundarfjarðar.
- Stóra garðabókin (1996). Reykjavík: Forlagið, 542 s.
- Trjáklippingar og umhirða trjáa og runna (2003). Myndband, Steinn Kárason. Reykjavík: Garðyrkjumeistarinn.
- Ýmis garðyrkjublöð, Garðyrkjuritið og Skógræktarritið.

Sunna Njálisdóttir, maí 2006